

Nd.

### **648. Tillaga**

til þingsályktunar um tollskil

Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess:

1. að goldið sé lögskipað útflutningsgjald af fiski þeim og öðrum gjaldskyldum sjávarafurðum, sem fermt er milli skipa á höfnum hér við land eða í landhelgi, og aldrei er í land flutt, en útflutt síðan á erlendan markað.
2. að útlendir fiskimenn og aðrir útlendir atvinnurekendur, er fara í útverkingu að til lands og dvelja hér að sumrinu og stunda hér fiskiveiðar eða aðra atvinnu og nestu sig heiman að með vistum, greiði hér lögsmæltan toll af öllum tollskyldum varningi, er þeir birgja sig eða láta sig birgja upp með heiman að.
3. að þeir, sem að öðru leyti reka nokkura verzlun í landhelgi, verði bæði að kaupa verzlunarleyfi, gjalda toll af tollskyldum vörum og að öðru leyti gegna öllum þeim þjóðfélagsgjöldum, sem lögsmælt eru hér á landi.